

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi 6. nóvember 2025 eftirfarandi:

Ásgarður – deiliskipulagsbreyting.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir fjórum ljósmöstrum við æfingavöll norðan við keppnisvöll.

Stekkholt 8 – deiliskipulagsbreyting.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir því að svalir á efri hæð nái 1 metra út fyrir byggingarreit að norðanverðu og að sunnanverðu.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi 4. desember 2025 eftirfarandi:

Nýhöfn 1-5 – deiliskipulagsbreyting.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir breytingu á fyrirkomulagi bílastæða framan við Nýhöfn 1-5. Tillagan gerir enn fremur ráð fyrir stækkun lóðarinnar Nýhöfn 1-5.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi 2. október 2025 eftirfarandi:

Kirkjulundur – tónlistarskóli – deiliskipulagsbreyting.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir því að lóðin Kirkjulundur 11 verði sameinuð Kirkjulundi 15 og byggingarreitur stækkaður, þannig að hann nái yfir báðar lóðirnar.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 12. desember 2025.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 6. janúar 2026